Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI

Heiti verkefnis eða námsgreinar:			
Árgangur:	**3.bekkur**	**Námsgrein**	**Íslenska**
Tímabil:	**2026-2027**	**Kennarar:**	**Helena, Stella og Örn**

Lykilhæfni:

- Sjálfstæði: Nemandi getur sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum
- Samvinna: Nemandi getur unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi
- Leiðsögn: Nemandi getur tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt

Hæfniviðmið:

Talað mál, hlustun og áhorf

- Framsögn: Nemandi getur beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- Tjáning: Nemandi getur sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu
- Hlustun: Nemandi getur hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni
- Nýting miðla: Nemandi getur nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi

Lestur

- Lesfimi: Nemandi getur beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig lestur verði lipur og skýr
- Lesskilningur: Nemandi getur lesið einfalda texta og svarað spurningum um innihald
- Orðaforði: Nemandi getur beitt góðum orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Lestraraðferðir: Nemandi getur beitt einföldum aðferðum við lestur

Bókmenntir

- Lestur og túlkun bókmennta: unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
- Ljóð: Nemandi getur unnið með rím, vísur og þekkir grunneinkenni ljóða
- Bókmenntir: Nemandi getur lesið einfalda texta frá fyrri tímum
- Nemandi þekkir einföld bókmenntahugtök

Ritun

- Skrift og frágangur: Nemandi getur dregið rétt til stafs, haft bil á milli orða
- Uppbygging texta: Nemandi getur búið til málsgreinar og þekkir grunnþætti í uppbyggingu texta
- Skapandi ritun: Nemandi getur samið texta frá eigin brjósti
- Stafsetning: Nemandi þekkir einfaldar stafsetningarreglur

- Textategundir og málsnið: Nemandi getur skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk

Mál og málnotkun

- Einkenni málsins: Nemandi þekkir og getur fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, atkvæði, orð og samsett orð
- Fjölbreytt málnotkun: Nemandi getur beitt töluðu máli og rituðu, ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri
- Nemandi þekkir samheiti og andheiti
- Orðtök og málshættir: Nemandi getur leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök og einfalda málshætti
- Orðflokkar: Nemandi gerir sér grein fyrir hlutverki nafnorða, sagnorða og lýsingarorða
- Gögn og hjálpargögn: Nemandi þekkir stafrófið og getur raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit

Lýsing og kennsluaðferðir:

- Starri
- Pals
- Innlagnir
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna
- Umræður
- Stöðvavinna
- Skapandi verkefni
- Lestrarhópar

Námsgögn:	**Námsmat/skil á verkefnum:**
• Litla Lesrún • Ritrún 2 • Skrift 2-3 • Lestrarbækur við hæfi, bæði í heimalestri og Starra • Ítarefni frá kennara	• Símat • Kannanir • Einstaklingsverkefni

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI